

## ✉ Efnistaka við Affall í landi Vorsabæjar

Búið til	3.7.2020 15:40:15
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	3.7.2020 15:40:15
Tilheyrir	📁 202006-0036 - Efnistaka við Affall- rafrænt eintak og umsagnarbeiðni

### Efni

Efnistaka við Affall í landi Vorsabæjar

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	3.7.2020 15:40:15	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is, jón@skipulag.is, jonsmari@skipulag.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202006-0036 (IAS, TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 23. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun vegna efnistöku við Affall í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur að í henni komi flest það fram sem þarf að fjalla um í frummatsskýrslu framangreindrar framkvæmdar. Í vinnun á þáttum sem fjallað verður um segir að ekki verði fjallað nánar um jarðmyndanir eða gróðurfar. Óvíst er hvað átt er nákvæmlega við með því orðalagi. Náttúrufræðistofnun hefur margoft bent á, að þó framkvæmdaraðili telji ekki nauðsynlegt að fjalla um ákveðna umhverfisþætti og vinsi þá frá, þá er að mat Náttúrufræðistofnunar að það eigi að gera grein fyrir þeim í frummatsskýrslu og mati framkvæmdaraðila bæði á áhrifunum og því hvers vegna hann telji ekki nauðsynlegt að fjalla nánar um þá þætti sem hluta af endanlegu mati. Ef hægt er að gera það á einfaldan hátt í matsáætlun er hægt að gera það í frummatsskýrslu. Aðeins þannig geta umsagnaraðilar séð heildarmyndina og sjálfir lagt mat á hvort rétt vinnun hafi átt sér stað. Mat á umhverfisáhrifum fer ekki fram á matsáætlunartigi heldur frekar vægi einstakra þátta. Í þessu tilfelli er t.d. rétt að benda á að landmótun er hluti af jarðfræði og merkilegar jarðminjar geta verið á svæðinu þó þær sjáist ekki sbr. t.d. Drumbabót sem hefur verið grafinn í sandi.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (mailto:trausti@ni.is)



## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)